



332. Stjórnarfundur haldinn 21. apríl 2009 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ landsmótanna auk bæklinga og veggspjalda.

Bréf frá Öryggismiðstöð Íslands v/skoðunarskýrslu á bruna og öryggiskerfi Hringbrautar 108.

Bréf frá skilanevnd Kaupþings v/ bréfs sem félagið sendi. Skilanevnd Kaupþings bendir félaginu því góðfúslega að beina erindi félagsins til Nýja Kaupþings banka.

3. Send bréf.

Engin.

4. 17.júní.

EH sagði frá samtali sem hann átti við Valgerði Guðmundsdóttur menningarfulltrúa RNB v/ samnings um 17. júní 2009. Fram kom að Valgerður vill að við séum með alla umsjóna frá morgni til kvölds. Eins og undan farin ár þá hefur verið gerður samningur við Keflavík og Njarðvík um að sjá um skemmtidagskrána (14:20 – 16:30 og 20:30 – 24:00). EH sagði Valgerði að við værum tilbúinn að halda því samstarfi áfram en ekki að taka að okkur alla umsjón. Stjórnin er sammála þessu. Málið er hjá Valgerði.

5. 80 ára afmæli félagsins.

Umræður um afmæli félagsins. Áfram verður unnið að undirbúningi.

6.Önnur mál.

EH sagði frá að stjórn körfuknattleiksdeildar væri með lokahóf 22 apríl og biði stjórninni sex miða á hófið. EH og KG voru fulltrúar ÍRB á 69 þingi ÍSÍ 17. og 18. apríl. Fyrir hugað er að halda íþróttahófi ÍRB í júní 2009. EH sagði frá fundi sem UMFÍ væri að boða til 30. apríl vegna Pathe verkefnis (Fitness & Health). Fundurinn verður á Hótel Grand og hefst kl. 12:00 til 17:00. EH óskaði eftir því að við myndum senda einn fulltrúa. Framkvæmdastjóra falið málið.

Næsti fundur 6.05'09 kl.17:05

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:20
Fundinn ritaði BI

